



Alþingi
b.t. efnhags- og viðskiptanefndar

101 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2021

Varðar: Umsögn um frumvarp um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, 625. mál

SFF hafa tekið til skoðunar frumvarp til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að stjórnvöld sendi gögn til einstaklinga og lögaðila með stafrænum hætti. Réttaráhrif birtingar í pósthólfinu myndi þá jafngilda birtingu með bréfpósti. SFF fagna þessum áformum sem munu án efa hafa umhverfisvæn áhrif með minni pappírnotkun og leiða til annarrar hagræðingar, hvort tveggja fyrir þá sem birta upplýsingarnar og þá sem móttaka þær.

Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að einkaaðilum verði heimilt að birta gögn í pósthólfinu. Í greinargerð er nefnt sem dæmi „...lögmennt í tengslum við mál sem falla undir réttarfarslög sem og aðrir einkaaðilar sem birta ýmsar tilkynningar sem byggja á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum“. Fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög gætu fallið undir þetta. Þeim ber samkvæmt ýmsum sérlægum að birta viðskiptavinum (neytendum) margs konar tilkynningar og upplýsingar, yfirleitt á pappír eða **öðrum varanlegum miðli**. Sem dæmi um slík lagaákvæði má nefna 7., 8., 12., 13., 14, 15 og 16. gr. laga um neytendalán, nr. 33/2013,

Í 7. gr. frumvarpsins kemur fram að þegar gögn eru aðgengileg í pósthólfi teljast þau birt fyrir viðtakanda. Einnig kemur þar fram að þar sem í lögum eða stjórnvaldsreglum er kveðið á um að gögn skulu birt með ákveðnum hætti, svo sem með auglýsingu, símskeyti, ábyrgðarbréfi, stefnuvotti eða öðrum sannanlegum hætti, skal birting í stafrænu pósthólfi metin fullgild.

Hugtakið **varanlegur miðill** er yfirleitt skilgreint sem sérhver miðill sem gerir viðskiptavinum fjármálafyrirtækis (neytanda) kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að þær séu aðgengilegar til samanburðar síðar og eins lengi og nægir miðað við tilgang upplýsinganna, og gerir kleift að afrita upplýsingarnar, sem þar eru geymdar, óbreyttar. Hugtakið varanlegur miðill snýr þannig að miðlinum sem geymir upplýsingarnar, ekki bara að birtingunni. **Frumvarpið kveður ekki sérstaklega á um að birting í pósthólfinu uppfylli kröfur um að vera birting á varanlegum miðli. Til þess að taka af allan vafa um það leggja SFF til að skerpt verði á ákvæðum frumvarpsins hvað þetta varðar þannig að fjármálafyrirtæki og**

vátryggingafélög fái skýran valkost að nota pósthólfið sem eina leið af fleirum til að birta viðskiptavinum upplýsingar á varanlegum miðli.

Í samræmi við framangreint eru hér á eftir settar fram mögulegar breytingar á frumvarpinu (feitiletrað og undirstrikað):

7. gr. Réttaráhrif.

*Þegar gögn eru aðgengileg í pósthólfi teljast þau birt fyrir viðtakanda. Þar sem í lögum eða stjórnvaldsreglum er kveðið á um að gögn skulu birt með ákveðnum hætti, svo sem með auglýsingu, símskeyti, ábyrgðarbréfi, stefnuvotti eða öðrum sannanlegum hætti, **eða á tilteknum miðli, svo sem pappír eða öðrum varanlegum miðli**, skal birting í stafrænu pósthólfi metin fullgild.*

Með vinsemd og virðingu,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur